

# Velkomin í skóla tónlistarlífsins



Menntaskóli  
í tónlist

## Fjölbreytt flóra framtíðarmöguleika

- Nemendur MÍT útskrifast með öflugan tónlistargrunn, færni og þekkingu sem getur opnað dyr að margvíslegu tónlistarnámi; við Listaháskóla Íslands, í tónlistarháskólum erlendis eða beint inn í fjölbreyttar atvinnugreinar tónlistarlífsins.
- MÍT vinnur náið með fjölmörgum aðilum tónlistarlífsins og tekur þannig virkan þátt í þróun atvinnulífs tónlistar.
- Í náminu er lögð rík áhersla á skapandi hugsun, sjálfstæði, öguð vinnubrögð og samvinnu sem nýtist nemendum á hvaða sviði sem er.
- Stúdentspróf skólans er fyrirtaks grunnur fyrir fjölbreytt háskólanám á sviði lista, félags-, mennta- og hugvísinda.

Nánari upplýsingar um umsóknarferlið, inntökukröfur og námið almennt má finna á vefsíðu skólans [www.menton.is](http://www.menton.is)

Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans, Skipholti 33, 3.hæð, í síma 589-1200 eða [menton@menton.is](mailto:menton@menton.is)



[menton.is](http://menton.is)



Menntaskóli í tónlist býður upp á fjölbreytt hágæða nám með aðaláherslu á tónlist og er opinn nemendum með ólíkan tónlistarbakgrunn.

Hlutverk skólans er að búa nemendur undir háskólanám og atvinnumennsku í tónlist, ásamt því að veita nemendum staðgóða menntun sem nýtist þeim vel – sama hvað þeir taka sér fyrir hendur.

### Stúdentsbrautir

Brautirnar bjóða upp á spennandi nám til stúdentsprófs þar sem höfuðáhersla er á tónlist. Nemendur á stúdentsbrautum stunda almenna bóknaáfangu við Menntaskólann við Hamrahlið, eða aðra framhaldsskóla sem bjóða upp á nám við hæfi nemandans.

200 einingar

### Almennar brautir

Brautirnar henta þeim sem hafa áhuga á að stunda áhugavert og krefjandi tónlistarnám á framhaldsstigi. Námslok brautanna eru á 3. hæfniprepi og opna leiðir inn í framhaldsnám á sviði tónlistar.

150 einingar





## Klassísk tónlistardeild

Klassískar brautir skólans veita nemendum trausta grunnmenntun á sviði klassískrar tónlistar. Sækja má námskeið í ólíkum tónlistarstefnum og valáfangar gefa færi á að laga námið að þörfum og áhugasviðum hvers og eins. Allt er þetta frábær undirbúningur fyrir framhaldsnám á sviði tónlistar.

### Í brautarkjarna er m.a.:

- Hljóðfæraleykur eða söngur
- Tónlistarsaga
- Hljómfræði og tónheyrn
- Kammertónlist
- Sinfóníuhljómsveit

Við deildina fer fram öflugt hljómsveitar- og kammertónlistarstarf, og eru nemendur hvattir til að koma reglulega fram á þeim fjölmörgu tónleikum sem skólinn stendur fyrir.



„MÍT hefur veitt mér rými og tækifæri til að þraskast sem flautuleikari og þar með búa mig undir frekara háskólanám í tónlist.“  
– Lilja

## Rytmísk tónlistardeild Djass

Djasslína veitir nemendum frábæran grunn á sviði djass- og annarrar rytmískrar tónlistar. Nemendur geta sótt námskeið í ólíkum tónlistarstefnum og valáfangar gefa nemendum færi á að laga námið að sínum þörfum og áhugasviðum.

### Í brautarkjarna er m.a.:

- Hljóðfæraleykur eða söngur
- Tónlistarsaga
- Hljómfræði og tónheyrn
- Útsetningar
- Samspilshópar

Boðið er upp á fjölbreytta samspils- áfanga og nemendur eru hvattir til að taka virkan þátt í tónlistarflutningi og viðburðum á vegum skólans, sem er verðmætur undirbúningur fyrir áframhaldandi störf í tónlist.



„MÍT kenndi mér allt sem ég hef nýtt mér upp á sviði!“  
– Kjalar

## Rytmísk tónlistardeild Popp

Námið er einstaklingsmiðað og veitir grunn í flestum hliðum popptónlistar samtímans. Gert er ráð fyrir námi á aðalhljóðfæri eða söng öll árin en á lokaári vinnur nemandi lokaverkefni sem getur verið í formi tónleika eða tónlistarupptöku.

### Í brautarkjarna er m.a.:

- Hljóðfæraleykur, eða söngur
- Lagasmíðar
- Hljóðtækni
- Upptökustjórn
- Raftónlist
- Verkefnastjórnun

Á popplínu er lögð megináhersla á frumsköpun á víðu sviði rytmískar tónlistar með áherslu á persónulega tjáningu í gegnum tónsmíðar, hljóðfæraleykur og/eða söng og góð tök á tæknihljóði tónlistarinnar.



„Skólinn leyfði mér að vaxa og dafna sem persóna og blómstra í þeim geira sem ég elska mest“  
– Anya